

Fimmtudaginn 17. maí 1990.

Nr. 299/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Halli Magnússyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Ærumeiðing. Opinberir starfsmenn. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. júlí 1989, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt öllum liðum ákæru og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá því, sem ákveðið er í héraðsdómi.

Þá er þess krafist, að þau ummæli, sem í ákæru greinir og óviðurkvæmileg teljast samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verði dæmd ómerk.

Einnig er þess krafist, að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga að kröfu séra Þóris Stephensens dæmdur til að greiða honum miskabætur, að fjárhæð 250.000 krónur.

Að lokum er þess krafist, að ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar verði staðfest og ákærði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins.

Ákærði krefst þess, „að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og bótakröfum Þóris Stephensens staðarhaldara“. Þá er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða.

Ekki er fram komið, að starf staðarhaldara í Viðey sé þess eðlis, að Þórir Stephensen verði í því starfi talinn opinber starfsmaður í skilningi 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er í máli þessu ákærður fyrir ummæli „bæði út af starfi

séra Þóris sem dómkirkjuprests og út af tímabundnu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar sem staðarhaldara í Viðey“. Í ákæru er ekki greint á milli ummæla, sem beinast að séra Þóri í hvoru starfi fyrir sig.

Af hálfu ákæruvalds var ekki sótt þing í héraði. Hafði þó komið fram hjá verjanda ákærða fyrir héraðsdómi, að hann teldi ákæruatriði svo óglögg, að ekki væri unnt að koma að vörnum með skynsamlegum hætti.

Mál þetta varðar rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti samkvæmt ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar og ábyrgð, sem því fylgir. Er hér um að ræða svo þýðingarmikið úrlausnarefni og slík vafaatriði eru í málinu, að ríkissaksóknara hefði verið rétt að sækja þing í héraði.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir málatilbúnaði ákæruvalds vera svo áfátt, að fella beri hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eru felld úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**Haralds Henryssonar hæstaréttardómara og
Gunnars M. Guðmundssonar setts hæstaréttardómara.**

I.

Við teljum enga þá ágalla vera á ákæru í málinu eða málatilbúnaði ákæruvalds, að valda eigi að lögum ómerkingu héraðsdóms.

II.

Samkvæmt bréfi borgarstjórans í Reykjavík 11. janúar 1989, sem rakið er í héraðsdómi, er starf séra Þóris Stephensens í Viðey fólgið í því að hafa umsjón og eftirlit með eignum og væntanlegri starfsemi Reykjavíkurborgar þar. Undanfarin ár hefur staðið yfir í Viðey, hinum forna sögustað, endurreisnarstarf á vegum borgaryfirvalda. Er eyjunni ætlað að skipa í framtíðinni veglegan sess í borgarlífi höfuðstaðarins. Þegar þetta er virt, verður að líta svo á, að starf umsjármanns þar í umboði borgaryfirvalda sé þannig vaxið, að hann teljist opinber starfsmaður samkvæmt 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Séra Þórir Stephensen var í tímabundnu leyfi frá störfum dómkirkjuprests í Reykjavík á þeim tíma, er hér skiptir máli. Naut hann ótvívætt í því embætti verndar téðs lagaákvæðis.

III.

Í héraðsdómi eru rakin atvik, er lágu til þess, að ákærði ritaði blaðagrein þá, sem varð tilefni ákæru í málinu. Leitt er í ljós, að framkvæmdir við kirkjugarðinn í Viðey, sem fjallað er um í grein ákærða, voru unnar að frumkvæði Viðeyjarnefndar og á vegum skipulagsnefndar kirkjugarða, sbr. lög nr. 21/1963 um kirkjugarða. Átti séra Þórir Stephensen engan hluta að ákvörðunum um framkvæmdirnar og sá ekki um þær að neinu leyti. Gagnrýni ákærða á framkvæmdir þessar var því ranglega að honum beint.

IV.

Víkur þá að ummælum þeim, sem ákært er fyrir.

A. Inngangsorð.

Ummælin: „...skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey ...“ eru röng og óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi.

Ummælin: „Ekki er athæfi hans kristilegt ...“ fela í sér refsiverða móðgun.

Ummælin: „...hafa pólitískar skoðanir hans og ráðríki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik ...“ beinast að séra Þóri sem presti, og er hann með þeim vændur um annarlegar hvatir. Ummæli þessi fela í sér refsiverða aðdróttun.

B. Ummæli í meginmáli greinarinnar.

Um 1. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um þennan ákærulið.

Um 2. Ummælin: „...sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey ...“ eru óviðeigandi, en verða ekki talin refsiverð ærumeiðing.

Um 3. Ummælin: „...sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey ...“ og „...borgarráð bjargaði honum fyrir horn ...“ eru óviðeigandi, en verða ekki talin ærumeiðandi.

Um 4. Með skírskotun til röksemda héraðsdómara þykja ummæli í þessum ákærulið virt í samhengi fela í sér refsiverða móðgun.

Um 5. Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um þennan ákærulið.

C.

Með ummælunum: „...ófyrirefanlegu skemmdarverki ...“ er séra Þórir Stephensen bendlaður við verknað, sem honum var óviðkomandi. Fela ummælin í sér refsiverða aðdróttun.

Með ummælunum „...skinheilagur maður ...“ er dylgjað um, að séra Þórir sé hræsnari. Eru þetta svæsin ummæli um prest og fela í sér refsiverða aðdróttun.

V.

Þegar metin er refsing fyrir framangreind ummæli, ber að hafa í huga, að þeim var ranglega beint að manni, sem enga ábyrgð bar á þeim framkvæmdum í kirkjugarðinum í Viðey, er voru tilefni þess, að ummælin voru höfð uppi. Jafnframt ber að líta til þess, að hvergi kemur fram í gögnum málsins, að ákærði hafi átt nokkurra persónulegra hagsmuna að gæta í tengslum við framkvæmdir þessar, þannig að virða mætti honum til einhverrar vorkunnar hin ósæmilegu gífuryrði, sem hann lét frá sér fara í umræddri blaðagrein. Í ljósi þessa verður ekki ályktað á annan veg en illfýsi í garð séra Þóris Stephensens hafi búið að baki skrifum ákærða.

VI.

Með framangreindum ærumeiðandi ummælum hefur ákærði gerst brotlegur við 108. gr. almennra hegningarlaga.

Fallast má á ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, miskaþætur og sakarkostnað.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma hin refsiverðu ummæli dauð og ómerk.

Með vísan til 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. júní 1989.

Ár 1989, þriðjudaginn 20. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 283/1989: Ákærvaldið gegn Halli Magnússyni, sem tekið var til dóms 14. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 11. janúar sl., á hendur Halli Magnússyni blaðamanni, Hraunbæ 126 í Reykjavík, fæddum þar í borg 8. apríl 1962.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir ærumeiðandi ummæli um opinberan starfsmann, séra Þóri Stephensen, dómkirkjuprest í Reykjavík, og aðdróttanir í hans garð í grein er ákærði ritaði undir fullu nafni og birtist í dagblaðinu Tímanum, 158. tölublaði 72. árgangs, þann 14. júlí 1988, bæði út af starfi séra Þóris sem dómkirkjuprests og út af tímabundnu starfi hans á vegum Reykjavíkurborgar sem staðarhaldara í Viðey.

Í grein ákærða felast ærumeiðandi aðdróttanir í garð séra Þóris og meiðyrði, og greinin er í heild ósvífin, móðgandi og sett fram og birt á ótilhlýðilegan hátt og af illfýsi.

Einstök ummæli, sem ákært er fyrir, eru þessi:

A. Inngangsorð:

Séra Þórir Stephensen, sem skipaði sig sjálfur staðarhaldara í Viðey, er nú farinn að láta hendur standa fram úr ermum þar. Ekki er athæfi hans kristilegt, enda hafa pólitískar skoðanir hans og ráðriki ætíð komið á undan kristilegum náungakærleik, sem þessi dómkirkjuprestur í raun og sanni ætti að hafa að leiðarljósi.

B. Í meginmáli greinar:

1. Það hvarflaði ekki að séra Þóri að hafa samband við ættingja þeirra, er síðast voru jarðaðir í kirkjugarðinum í Viðey. Ónei, þeir hefðu kannske verið mótfallnir vilja séra Þóris. Slíkt líðst ekki.

2. Hvað ætli verði næsta stórvirki séra Þóris, sjálfskipaðs staðarhaldara í Viðey? Að malbika göngubraut í kringum eyna? Byggja sumarbústað fyrir sig og fjölskyldu sína í hlaði Viðeyjarstofu? Mála kirkjuna í Viðey heiðbláa, lit íhaldsins?

3. Séra Þóri var á sínum tíma hlíft við þeirri skömm, að almenningur fengi að vita, að hann hefði sjálfur skipað sig staðarhaldara í Viðey og að borgarráð bjargaði honum fyrir horn með því að ráða hann staðarhaldara Viðey, eftir að dómkirkjupresturinn hafði komið sér í fjölmiðla og skýrt frá hinni nýju nafnbót.

4. Reyndar hefur hann sýnt í stólræðum sínum, þar sem hann blandar pólitík inn í orð Guðs, og með spjöllum í Viðey, að hann er alls óhæfur til að gegna þessum embættum. Þess vegna ætti hann að víkja.

5. Undirritaður veit, að greinarkorn þetta verður honum ekki til framdráttar, allra síst þegar ljóst er, að það kemur við kaunin á háttsettum frímúrara.

C. Í meginmáli greinar og áréttað innan tilvitnunar undir mynd af greinarhöfund:

Greinarkornið er ritað í heilagri reiði, reiði yfir ófyrirgefanlegu skemmdarverki á heilögum stað, sem skinheilagur maður ber ábyrgð á.

Öll framangreind ummæli þykja varða við 108. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist:

1. Að ákærði verði dæmdur til refsingar.
2. Að framangreind ummæli verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga dæmd dauð og ómerk.
3. Að ákærði verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. sömu laga dæmdur til greiðslu miskabóta.
4. Að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallur Magnússon, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ummæli þau í grein ákærða í 158. töl. 72. árgangs dagblaðsins Tímans, sem ákærði er sakfelldur fyrir í máli þessu, skulu vera dauð og ómerk.

Ákærði greiði séra Þóri Stephensen 150.000 krónur í miskabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.